

**Nr. 033 / 09 Oddur á Nesi SI 76*****Eldur í stýrishúsi***

Skipaskr.nr. 2615  
Smíðaður: Hafnarfirði 2004 plast  
Stærð: 11,1 brl. 14,8 bt.  
Mesta lengd: 11,78 m Skráð lengd: 11,46 m  
Breidd: 3,64 m Dýpt: 1,3 m  
Vél: Cummins 302 kW, 2004  
Fjöldi skipverja: 3



Oddur á Nesi ©Skinasmíðastöðin

**Gögn:**  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 31. ágúst 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 17. febrúar 2009 var Oddur á Nesi SI 76 við bryggju í Sandgerðishöfn.

Maður sem var við vinnu í öðrum bát skammt frá varð var við að eldur var laus í stýrishúsi Odds á Nesi SI. Hringdi hann í Neyðarlínuna sem ræsti út slökkvilið. Brunavarnir Suðurnesja komu og slöktu eldinn en hann var einangraður við stýrishús bátsins.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipstjóri sagði að þeir hefðu komið úr róðri deginum áður;
- að tveir skjáir sem voru í afturglugga stýrishúsins og vísuðu aftur á þilfarið hafi verið tengdir í fjöltengi fyrir aftan stýrimannsstólinn. Skjáirnir voru á orkusparandi stillingu;
- að fjöltengið var tengt í 220 V riðstraum en það var fyrir þrjár innstungur og voru tvær þeirra í notkun. Að sögn skipstjóra var þetta fyrirkomulag við líði þegar hann keypti bátinn 2007;
- að áliti lögreglu sem kom að rannsókn brunans var talið að saltmengun í fjöltenginu hafi valdið skammhlaupi sem olli svo miklum hita að eldur varð laus.

**Nefndarálit:**

Orsök eldsvoðans var líklega skammhlaup af völdum saltmengunar í fjöltengi.

**Sérstök ábending:**

Nefndin varar smábátaeigendur og aðra sjómenn, þar sem mikil saltmettun er í umhverfinu, að nota opnar tengingar við svona háa spennu.